



HRUNAMANNAHREPPUR

60. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

1. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 16. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Jón Bjarnason skráði fundargerð í tölvu í fjarveru Aldísar Hafsteinsdóttur sveitarstjóra.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemnum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 7. fundar frá 15. október 2024.**
Lögð fram fundargerð 7. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og Magnúsi Sigurðssyni er þakkað fyrir góð og óeigingjörn störf fyrir samfélagið.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

- Afgreiðslur byggingarfulltrúa 24-217.**
Lagðar fram afgreiðslur byggingarfulltrúar frá 18. desember 2024.

Lagt fram til kynningar.

- Fundargerð 294. fundar skipulagsnefndar frá 15. janúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8 janúar sl.**
Lögð fram fundargerð 294. fundar skipulagsnefndar frá 15. janúar 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 31. Hrafnkelsstaðir: Skilgreining lóðar og byggingarreits; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags, eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofunar, sem nær yfir hluta af landi Hrafnkelsstaða 3 L166764. Merkjalýsing þar sem viðkomandi skika er skipt úr landi Hrafnskelsstaða 3 var samþykkt samhliða kynningu skipulagsins. Skipulagsmörkin ná yfir hluta af því svæði sem fær nýtt landnúmer (Hrafnkelsstaðir 5A) og staðföng auk Hrafnkelsstaðar 5B (áður 3 lóð) L190288. Engin mannvirkir eru til staðar innan skipulagsmarka en gert er ráð fyrir byggingarreit á einni nýrri íbúðarlóð og á sumarhúsalóð sem fyrir var á svæðinu, L190288. Áfram er gert ráð fyrir að landið sé flokkað sem landbúnaðarland. Breytingar voru gerðar á tillögunni á auglýsingatíma í takt við athugasemd sem barst vegna málsins þar sem fyrrgreind afmörkun lóðar

L190288 er einnig skilgreind á deiliskipulaginu. Athugasemdir bárust við gildistöku málsins af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna þar sem byggingarreitur á lóð 190288 er skilgreindur og málsettur í 50 m fjarlægð frá á. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna þar sem byggingarreitur á lóð 190288 er skilgreindur og málsettur í 50 m fjarlægð frá á. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Mál nr. 32. Kópsvatn 2: Breytt skilgreining námu E28; Aðalskipulagsbreyting.
Lögð er fram, eftir kynningu, tillaga aðalskipulagsbreytingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni verður efnistökusvæðið E28 á Kópsvatni stækkað úr 1,5 ha í um 24 ha. Svæðið sem um ræðir er landbúnaðarland í gildandi skipulagi. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni. Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í uppsveitum Árnessýslu vegna byggingar íbúða og gatnagerðar, einkum á Flúðum og í Reykholti. Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m³ af efni. Að mati Skipulagsstofnunar eru framkvæmdir á grundvelli skipulagsbreytingarinnar ekki háðar matsskyldu. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Kópsvatns verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Kópsvatns í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Mælist sveitarstjórn til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 33. Brekkubær: Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lóðar.
Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjálýsingu dags. 02.12.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar staðfestingu á hnítsetri afmörkun lóðarinna Brekkubær L166909 sem ekki hefur legið fyrir áður. Lóðin er í dag skráð með stærðina 2.500 fm en mælist 28.619 fm skv. meðfylgjandi merkjálýsingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu lóðarinna skv. framlagðri merkjálýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við afmörkun og breytta skráningu lóðarinna skv. framlagðri merkjálýsingu. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

BV
DWS
JB
KA
ARJ

Mál nr. 34. Miðbær: Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 10.12.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar staðfestingu á hnítsettri afmörkun jarðarinnar Miðbær L166801 sem ekki hefur legið fyrir áður. Jörðin er í dag skráð 71,8 ha en heildarstærð hennar mælist 43.590 fm skv. meðfylgjandi merkjalýsingu. Miðbær á eignarhlutdeild í óskiptu landi Miðfells 1 ásamt öðrum jörðum en stærð þess lands er ekki skráð og afmörkun óuppmæld.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta stærð jarðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við afmörkun og breytta stærð jarðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Mál nr. 35. Dalbær 2: Staðfesting á afmörkun og breytt stærð jarðar.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 10.12.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar staðfestingu á hnítsettri afmörkun jarðarinnar Dalbær 2 L166737 sem ekki hefur legið fyrir áður. Jörðin, sem samanstendur af tveimur aðskildum skikum, er í dag skráð 2,3 ha en heildarstærð hennar mælist 32.525 fm skv. meðfylgjandi merkjalýsingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta stærð jarðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við afmörkun og breytta stærð jarðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Mál nr. 36. Efra-Langholt land 2: Tamningastöð og reiðskóli, 4 gestahús; Nýbýli; Fagurhólsbrekka; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Efra-Langholts lands 2 L219044. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að landið fái staðfangið Fagurhólsbrekka. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu á nýju býli til ábúðar þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsi ásamt tamningastöð og reiðskóla. Auk þess er gert ráð fyrir heimild sem tekur til uppbyggingar á allt að fjórum gestahúsum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Tillagan verði jafnframt kynnt landeigendum aðliggjandi jarða.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Tillagan verði jafnframt kynnt landeigendum aðliggjandi jarða.

Mál nr. 47. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. janúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. janúar sl.

BOV

DG

ZB

HHA

AEG

4. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 117. fundar stjórnar frá 16. desember 2024.

Lögð fram fundargerð 117. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Vegna fjórða liðar í fundargerð áréttar sveitarstjórn að miklu fjármagni var varið í lagfæringu og verulegar endurbætur á veginum inn Tungufellsdal á árinu 2024. Það er því mikilvægt að vegurinn verði færður í fyrra horf við fyrsta tækifæri.

5. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 17. desember 2024.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. Bergrisinn bs.: Fundargerð 79. stjórnarfundar frá 2. desember sl.

Lögð fram fundargerð 79. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar því að hafa fengið framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks, bæði fyrir Félagsheimili Hrunamanna og íþróttahús á Flúðum.

7. Arnardrangur hses.: Fundargerð 20. stjórnarfundar frá 2. desember sl.

Lögð fram fundargerð 20. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Brunavarnir Ánessýslu: Fundargerð 24. fundar stjórnar frá 18. desember sl.

Lögð fram fundargerð 24. fundar stjórnar Brunavarna Ánessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

9. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, gistiþeyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Holtabyggð ehf. kt. 690319-0550 um leyfi til rekstur gistiðar í flokk II, G Íbúðir. Birtingaholt retreat, Birtingaholti land 1B, 846 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

10. Tilkynning frá Vegagerðinni frá 20. desember 2024.

Lögð fram tilkynning frá Vegagerðinni þar sem upplýst er um stöðu verkefnisins endurskoðun á leiðarkerfi landsbyggðavagna. En vegagerðin, sem ábyrgðaraðili á rekstri landsbyggðarstrætó, vinnur að endurskoðun á núverandi leiðarkerfi.

Lagt fram til kynningar en oddviti mun sækja kynningarfund um málið þann 22. janúar nk..

11. Tilkynning frá Vegagerðinni frá 2. janúar 2025.

Lögð fram tilkynning frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða niðurfellingu Birtingaholtsvegar 1 af vegaskrá.

Lagt fram til kynningar.

BV

BB
HTT

DWS

ARG

12. Bréf frá Sigurhæðum frá 10. desember 2024.

Lagt fram bréf frá Sigurhæðum þar sem þakkað er fyrir veittan stuðning á árinu 2024 og farið yfir starfsemi ársins. Einnig er óskað eftir áframhaldandi styrk að upphæð 427.975 kr. fyrir rekstrarárið 2025. Styrkupphæðin er reiknuð út frá hlutfallslegum íbúafjölda að teknu tilliti til framlags frá SASS.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja starfsemina um 330.000 krónur.

13. Samningur um undirbúning umsóknar um dagþjónustu.

Lögð fram drög að samningi sveitarfélaganna fjögurra í Uppsveitum Árnessýslu við Sólrúnu Erlu Gunnarsdóttur um ráðgjöf og undirbúningsvinnu vegna umsóknar um heimild fyrir dagþjónusturýmum fyrir aldraða.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur oddvita að undirrita hann.

14. Bréf frá íbúum við Vesturbrún, ódags.

Lagt fram bréf frá íbúum við Vesturbrún þar sem mótmælt er fyrirhugaðri skipulagsbreytingu á reit ÍB3 við Vesturbrún og byggingu þjónustukjarna fyrir eldri borgara með alhliða þjónustu eins og íbúðum, dvalar- og hjúkrunarheimili og félagsþjónustu á reitnum.

Sveitarstjórn þakkar fyrir bréfið en skipulagsnefnd UTU mun fjalla um málið þegar það kemur á borð nefndarinnar.

15. Húsnaðisáætlun Hrunamannahrepps 2025.

Lögð fram Húsnaðisáætlun Hrunamannahrepps 2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða áætlunina með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Áætlunin sýnir fram á jákvæða íbúapróun og áframhaldandi fjölgun. Þau markmið sveitarstjórnar að íbúar verði orðnir 1.000 fyrir árslok 2026 eru því vel raunhæf en áætlunin segir að íbúar verði orðnir 1.000 í árslok 2025 miðað við miðspá. Áætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu gatna og að lóðaframboð verði nægjanlegt. Úthlutun á lóðum við Röðulstanga verða snemma á árinu og gaman að sjá að áhugi á uppbyggingu íbúða er raunverulegur og mikill í sveitarfélagini og framar björtustu vonum.

16. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt er að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn samkvæmt venju þann 6. febrúar nk..

Fjárhagsleg málefni:

17. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Lagðar fram reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða.

18. Fjallskil.

Lögð fram drög að gjaldskrá vegna fjallskila.

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir gjaldskránnna. Daði Geir Samúelsson greiðir atkvæði gegn gjaldskránni. BV

JB
TT
DWS
AEG
5

19. Leigusamningur vegna leigurýmis fyrir sjúkraþjálfara í íþróttahúsínu á Flúðum.

Lögð fram drög að leigusamningi vegna leigurýmis fyrir sjúkraþjálfara í íþróttahúsínu á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samninginn og felur oddvita að undirrita hann. Sveitarstjórn fagnar því að brátt verði í boði bætt þjónusta við íbúa í formi sjúkraþjálfunar og óskar Sigfriði Lárusdóttur sjúkraþjálfara velfarnaðar í starfi.

20. Tilkynning frá Úrvinnslusjóði: Breytt fyrirkomulag á greiðslum til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum fyrstu sex mánuði ársins 2025.

Lögð fram tilkynning frá Úrvinnslusjóði vegna breytts fyrirkomulags á greiðslum til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum fyrstu sex mánuðir ársins 2025.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:


21. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 960. fundar stjórnar frá 13.12.2024.

Lagt fram til kynningar.

22. Samtök orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum: Fundargerð sameiginlegs fundar frá 6. desember 2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:23



The image contains four handwritten signatures in blue ink. From top to bottom: 1) A stylized signature that appears to be 'Sigurður Þorsteinn Þórssen'. 2) A signature that appears to be 'Dóttir Geir Samuelsson'. 3) A signature that appears to be 'Alexandra Ros Johannesson'. 4) A signature that appears to be 'Bjarni Vignisdóttir'.